

Ed.

117. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Magnús Jónsson.

Síðari málslíð stafliðs d. í 10. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal orða þannig:

Ennfremur skal draga frá iðgjöld af ólögboðinni líftryggingu eða lífeyri, sem greidd hafa verið á árinu, þó aldrei hærra iðgjald, lögboðið og ólögboðið samtals, en 1000 kr.

Greinargerð.

Með breytingu þessari er d-liður sumpart gerður skýrari, en sumpart er frádráttarhæft iðgjald hækkað. Líftryggingar verða að teljast svo heilbrigð ráðstöfun, að þær ber að örva, þó að vitanlega verði að setja takmörk. Eins og nú er ákveðið er takmarkið of þröngt.